

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 134 – 22.06.2010

Þriðjudaginn 22. júní, árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Undirbúningur vegna aðalfundar Skv.
2. Aðalfundarboð frá GS.
3. Hluthafasamkomulag stærstu hluthafa GS.
4. Aðalfundur Versins ehf.
5. Bréf frá Einari Svavarssyni varðandi bleikjueldi.
6. Önnur mál.
 1. Tölvupóstur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Afgreiðslur:

1. Unnið að undirbúningi að aðalfundi Skagafjarðarveitna ehf sem verður 23. júní nk.
2. Lagt fram aðalfundarboð Gagnaveitu Skagafjarðar ehf. sem haldin verður 23. júní nk.. Samþykkt að Einar Gíslason fari með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf á fundinum. Stjórn Skv ehf samþykkir að Einar Gíslason verði fulltrúi Skv ehf í stjórn GS.
3. Lagt fram hluthafasamkomulag á milli Kaupfélag Skagfirðinga, Sveitafélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna ehf vegna aukningu á hlutfé í Gagnaveitu Skagafjarðar dags. 23.06.2010. Stjórn Skv ehf samþykkir framlagt samkomulag.
4. Lagt fram aðalfundarboð Versins ehf sem verður 25. júní nk. Samþykkt að stjórnarmenn fari hlutfallslega með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf á fundinum.
5. Lagt fram bréf frá Einari Svavarssyni dags. 11.06.2010 þar sem óskað er eftir stuðningi vegna fyrirhugaðs bleikjueldis að Kjarvalsstöðum í Hjaltadal fyrir hönd Öggur ehf. Stjórn Skv ehf. tekur jákvætt í erindið og Páli falið að vinna frekar að málinu. Einar Gíslason sagði frá fundi í Verinu 21. júní sl. með aðilum í bleikjueldi í Skagafirði.
6. Önnur mál
 1. Lagður fram tölvupóstur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 22.06.2010 varandi Dælislaug við Langhús í Fljótum. Páli falið að óska eftir skírara svari frá ráðuneytinu.

Í lok fundar tóku stjórnarmenn til máls og þökkuðu fyrir gott samstarf á liðnu kjörtímabili.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

Árni Egilsson (sign)